

HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 - 436 1214 - www.voot.is

JÖKULL

1143. tbl - 25. árg.

16. janúar 2025



Skemmdir á vegum vegna úrkomu




Hlýindi og úrcoma tók við um síðustu helgi eftir nokkuð langan kuldakafli, flestir fagna því að skafar og klakabunkar hörfi í rigningunni svo að auðveldara verður að komast um götur og vegi.

Spár gera ráð fyrir að hlýindin standi fram á fimmtudag en þá kólni um stund eða fram í miðja næstu viku, þá hlýnar aftur með meiri rigningu.

Eitt af því sem fylgir skyndilegum hlýindum og rigningu ofan í frosna jörð er að vegir geta farið mjög illa, það er einmitt raunin víða á Snæfellsnesi núna og þó að starfsmenn Vegagerðarinnar hafi verið á fullu í holufyllingum þá hafa þeir varla undan.

Meðfylgjandi mynd var tekin á þriðjudag og sýnir hve illa vegurinn hefur farið.

Íbúum fjölgar milli ára



Þjóðskrá Íslands sendi frá sér tölur á dögunum sem er byggðar á skráningu Þjóðskrár á fjölda einstaklinga sem eru skráðir með búsetu hér á landi eftir sveitarfélögum. Í Grundarfirði var íbúafjöldinn 865 í desember 2023 og hafa íbúum fjölgað um 5 á árinu. Nýjustu tölur Þjóðskrár segja að íbúafjöldi í Grundarfirði sé nú 870 en íbúafjöldi sveitarfélagsins hefur hægt og rólega ver-

ið að hækka eftir mikla fækkun árið 2021. Íbúafjöldi Snæfellsbæjar í desember 2023 var 1697 en 1748 einstaklingar voru búsettir í sveitarfélaginu í desember 2024 eða ári seinna. Það er fjölgun um 51 íbúa á einu ári. Íbúum Snæfellsbæjar hafa fjölgað síðan árið 2021 þegar mikil fólksfækkun átti sér stað.

JJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Guðmundur SH-235 kominn til heimahafnar

Nýtt skip í eigu Guðmundar Runólfssonar hf kom í fyrsta sinn til heimahafnar í Grundarfirði föstudagsmorguninn 10. janúar. G. Run keypti togarann, sem áður hét Sturla GK 12, af Þorbirni í Grindavík en hann er systurskip Runólfs sem fyrirtækið á fyrir og sagði Guðmundur Smári Guðmundsson, framkvæmdastjóri Guðmundar Runólfssonar, í viðtali við Fiskifréttil að það væri ákveðin hagræðing í því að eiga tvö nákvæmlega eins skip.

Nýja skipið, Guðmundur SH, mun leysa Hring SH af hólm og flyst áhöfnin af Hring yfir á nýja skipið. Hringur SH er tíu árum eldra skip en það nýja en auk aldursmunarins er líka tæknimunur á.

Guðmundur SH, áður Sturla GK 12, var smíðað árið 2007 í Gydnia í Póllandi og er 28,93 metrar að lengd og mesta breidd



skipsins er 10,39 metrar. Föstudaginn 10. janúar mætti nýja skipið til heimahafnar, því var gefið nafnið Guðmundur SH 235 og hélt svo út til veiða.

SJ



Bifreiðaverkstæði Egis.
Rífi. S-4366677

Betra fyrir bílinn



Skipinu var gefið nafnið Guðmundur SH 235, myndina tók Gunnar Kristjánsson.

Þjóðgarðurinn nú undir Náttúruverndarstofnun

Í byrjun janúar 2025 tók ný stofnun til starfa en nú fellur Snæfellsjökulsþjóðgarður undir Náttúruverndarstofnun en ekki undir Umhverfisstofnun eins og hann hefur gert. Náttúruverndarstofnun tekur við verkefnum sem snúa að náttúruvernd, lífríkis- og veiðistjórnun hjá Umhverfisstofnun. Stofnunin fer með stjórnsýslu,

eftirlit og önnur verkefni á sviði náttúruverndar og sjálfbærar þróunar og á sviði friðlýstra svæða, vernd villtra fugla og spendýra og veiðistjórnunar. Þá sinnir stofnunin samhæfingu í skipulagi svæðisbundinnar stjórnunar og verndar og eftirliti á ofangreindum sviðum.



SNÆFELLSJÖKULS
ÞJÓÐGARÐUR



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Sumarafleysing á Fellaskjól

Starfsfólk óskast í sumarafleysingar.

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Fellaskjól óskar eftir að ráða fólk til starfa í umönnun og í eldhús yfir sumartímann. Um er að ræða vaktavinnu.

Mikilvægt er að umsækjandi hafi góða samskipta hæfni, metnað fyrir starfinu, smá sveigjanleika og sé áreiðanlegur og samvinnufús.

Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við okkur á fellaskjol@simnet.is

 fellaskjol@simnet.is

 Grundarfjörður, Hrannarstígur 20

 4386677



Gjaldskrá fyrir skólamáltíðir og heilsdagsskóla í Snæfellsbæ

Gildir frá 1. janúar 2025

1. gr.

Í grunnskólanum eiga nemendur kost á heitri máltíð í hádeginu fimm daga í viku, alla skóladaga skv. skóladagatali. Maturinn er eldaður í eldhúsi grunnskólans. Foreldrar skrá börn sín í áskrift í bytjun skólaárs.

2. gr.

Skólamáltíðir eru gjaldfrjálssar í Grunnskóla Snæfellsbæjar, þó þarf að skrá börn í fæði.

3. gr.

Skóladagvist, Skólabær, er í boði fyrir nemendur í 1. – 4. bekk á Hellissandi. Hann er starfræktur á skóladögum, samkvæmt skóladagatali frá því að skóla lýkur. Boðið er upp á gæslu til kl. 15:00 eða kl. 16:00. Á föstudögum er boðið upp á gæslu til kl. 15:00. Skóladagvist er ekki opin í vetrarfríum. Starfsemi hefst á skólasetningardegi og lýkur á skólaslitadegi.

4. gr.

Gjald fyrir hverja dvalarstund í skóladagvist er **kr. 370-** Gjald fyrir síðdegishressingu er **kr 180.-**

5.gr.

Greitt er fyrirfram fyrir hvern mánuð og er innheimt með greiðsluseðli. Ekki er veittur afsláttur þó nemendur fari í íþróttir eða tónlistartíma á dvalartíma. Ekki er endurgreitt vegna fjarvista eða veikinda, nema þau vari lengur en eina viku samfellt.

6. gr.

Skráning í mat og skóladagvist er hjá skólaritara. Skráning eða afskráning tekur gildi um næstu mánaðarmót samkvæmt tilkynningu sem þarf að berast skólaritara fyrir 20. dag mánaðar á undan.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 23. og 33. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum og var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 5. desember 2024. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2025 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá grunnskóla Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. ágúst 2024.

Snæfellsbær, 5. desember 2024

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Íþróttamanneskja HSH 2024



Íþróttamanneskja HSH er heiðursviðurkenning sem sambandið veitir árlega. Sunnudaginn 12. janúar var kynnt hver það var sem hlaut nafnbótina fyrir árið 2024 og var athöfnin haldin að Langaholti í Staðar sveit. Siguroddur Pétursson var kjörinn Íþróttamanneskja HSH 2024 ásamt því að vera Hestáíþróttamanneskja HSH 2024. Siguroddur hefur staðið sig gríðarlega vel á árinu og á Landsmóti hestamanna keppti hann í B flokki gæðinga á Sól frá Söðulsholti og var 5. efstur inn í A-úrslit sem er gríðarlega góður árangur. Á alþjóðlegum gagnagrunni íslenska hestsins er hann meðal 20 efstu í fjórum greinum.

Blakíþróttamanneskja HSH

var Anna María Reynisdóttir, skotíþróttamanneskja HSH var Arnar Geir Diego Ævarsson, Knattspyrnumanneskja HSH var Asmer Begic, Kyllingur HSH var Rögnvaldur Ólafsson og körfuknattleiksmanneskja HSH var Snjólfur Björnsson.

Að auki var vinnuþjörkum og sjálfböðaliðum HSH veittar viðurkenningar fyrir þeirra störf. Vinnuþjarkar HSH í ár voru þær Kristín Halla Haraldsdóttir, Björg Gunnarsdóttir og Ingunn Ýr Angantýsdóttir en saman hafa þær myndað gott teymi þjálfara í frjálsum íþróttum og náð að byggja íþróttina upp á svæði HSH. Í dag stunda um 150 börn og unglingar frjálsar íþróttir á svæðinu. Sjálfböðaliðum HSH voru veitt Silfur-



Íþróttafólk HSH 2024



Vinnuþjarkar HSH, þær Kristín Halla Haraldsdóttir, Björg Gunnarsdóttir og Ingunn Ýr Angantýsdóttir.

merki HSH fyrir þeirra framlag til aðildarféлага HSH en þau sem voru kjörin sjálfböðaliðar HSH 2024 voru:

Birta Antonsdóttir
UMF. Snæfell.

Fannar Hilmarsson
UMF. Víkingur/Reynir.

Ragnar Smári Guðmundsson
Vestarr.

Unnsteinn Guðmundsson
Skotfélag Snæfellsness.

Jón Pétur Pétursson
UMF. Grundarfjarðar

Ljósmyndir tók Sumarliði Ásgeirsson.

Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.

FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is

Gjaldskrá fyrir leikskólagjöld í Snæfellsbæ

Gildir frá 1. janúar 2025

1. gr.

Dvalargjald:

Grunngjald fyrir hvert auka korter að dvalartíma loknum.....	1.108 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 4 klt. á dag.....	17.720 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 5 klt. á dag.....	22.150 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 6 klt. á dag.....	26.580 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 7 klt. á dag (08:00 – 15:00).....	30.789 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 8 klt. á dag.....	34.997 kr.

Mánaðargjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af mánaðargjaldi.

Fæðisgjald:

Morgunmatur.....	2.780 kr.
Hádegismatur.....	5.815 kr.
Síðdegiskaffi.....	2.780 kr.
Fullt fæði.....	11.375 kr.

Fæðisgjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af fæðisgjaldi nema barn sé fjarverandi í lengri tíma en 4 vikur samfellt. Afslátt af fæðisgjaldi skal undantekningarlaust ræða við leikskólalastjóra.

2. gr.

Dvalargjald við Lýsukot við Lýsuhólsskóla:

Mánaðargjald fyrir vistun – 4 dagar í viku.....	21.264 kr.
Mánaðargjald fyrir vistun – 5 dagar í viku.....	26.580 kr.

Mánaðargjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af mánaðargjaldi.

Fæðisgjald við Lýsukot við Lýsuhólsskóla:

Morgunmatur.....	2.780 kr.
Hádegismatur.....	5.815 kr.

Fæðisgjald er fast gjald á mánuði óháð frídögum sem falla á tiltekinn mánuð. Afsláttur er ekki gefinn af fæðisgjaldi nema barn sé fjarverandi í lengri tíma en 4 vikur samfellt. Afslátt af fæðisgjaldi skal undantekningarlaust ræða við deildarstjóra Lýsuhólsskóla.

3. gr.

Afslættir af dvalargjald:

Einstæðir foreldrar og námsmenn.....	40%
Systkinaafsláttur, 2. barn.....	50%
Systkinaafsláttur, 3. barn.....	100%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 27. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 5. desember 2024. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2025 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá leikskóla Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. ágúst 2024.

Snæfellsbær, 5. desember 2024

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Blakfréttir

Skemmtimót UMFG

Blakdeild UMFG hélt skemmtimót í blaki á laugardaginn 28. desember síðastliðinn. Mótið var opið öllum 16 ára og eldri og voru bæjarbúar einnig hvattir til þess að mæta í stúkuna og hvetja keppendur áfram. Mótið var í forni einstaklingskeppni en dregið var í ný lið eftir hverja umferð. Allir skráðu sín stig niður eftir hvern leik og voru fjórar umferðir spilaðar. Verðlaun voru veitt fyrir fyrstu þrjú sætin. Í fyrsta sæti var Helga Sjöfn Ólafsdóttir, í öðru sæti var Dominik Wojciechowski og Anna María Reynisdóttir í því þriðja.

Sigur gegn Fylki

Blakdeild Ungmennafélags Grundarfjarðar spilar nú í 1. deild og heimsóttu þær lið Fylkis í Fylkishöllinni sunnudaginn 12. desember. Var þetta fyrsti leikur liðsins í annarri umferð deildarinnar og endaði hann með sigri liði Grundarfjarðar. Sigurinn var



sætur þar sem þetta var fyrsti sigur blakdeildar UFMG á mótinu en vonandi ekki sá síðasti. Spilaðar voru fjórar hrínur í leiknum og fór UMFG með 3 - 1 sigur. Mótið stendur til 23. mars og eiga þær eftir að spila 5 leiki fram að því. Efstu liðin í deildinni mætast svo í úrslitum helgina 28. til 30 mars þar sem kemur í ljós hvaða lið taka efstu fjögur sætin.

SJ



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

Taflmót



Jólamót Taflfélags Snæfellsbæjar fór fram í Áttthagastofunni á annan í jólum, þann 26. desember. Átta þátttakendur voru á mótinu og tefldar voru tvær umferðir. Spilað var stórskemmtilega skák og skemmtu sér allir vel. Það var Steini Ágústsson, læknir, sem stóð uppi sem sigurvegari í eldri flokki með aðeins einni tapaðri skák í umferðunum tveimur. Sigurður Scheving og Jóhann Steinsson enduðu í bráðabana um annað sætið sem

Sigurður marði í spennandi endatafli og hreppti því annað sætið og Jóhann Steinsson varð í þriðja. Í unglingsflokki sigraði Víglundur Orri Heimisson. Verðlaunin á jólamótinu voru ekki af verri endanum en Steini Ágústsson hlaut gjafabréf frá Sker veitingastað fyrir sigur sinn í eldri flokki og Víglundur Orri hlaut gjafabréf á Sjoppunni fyrri sigur sinn í unglingsflokki.

SJ



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Jólaball Sigurvonar



Kvenfélagið Sigurvon hélt árlegt jólaball sitt í félagsheimilinu á Lýsuhóli sunnudaginn 29. desember síðastliðinn. Sveitungar úr dreifbýlinu í sunnanverðum Snæfellsbæ nánast fylltu félagsheimilið, svo góð var mætingin, en talið er að gestir hafi verið yfir hundrað mann. Á meðal gesta voru þeir Giljagaur, Skyrgámur og jólakötturinn, börnunum til

mikillar gleði. Sigrún, formaður kvenfélagsins, bauð alla velkomna áður en börn og fullorðnir dönsuðu í kringum jólatréð og sungu við undirspil mæðgnanna Rúnu og Diljá frá Lýsudal og Jón Svavars frá Ölkeldu. Kvenfélagskonur stóðu vaktina í eldhúsinu og svignuðu borðin undan kræsingum sem gestir fengu að njóta.

SJ

Gjaldskrá fyrir tónlistarskólagjöld í Snæfellsbæ

Gildir frá 1. janúar 2025

1. gr.

Forskóli:

Grunngjald 17.800 kr.

Undir 21 árs:

Heilt tónlistarnám 40.900 kr.

Hálft tónlistarnám 24.540 kr.

Heilt söngnám 47.150 kr.

Hálft söngnám 28.290 kr.

21 árs og eldri:

Heilt tónlistarnám 69.000 kr.

Hálft tónlistarnám 41.400 kr.

Heilt söngnám 78.200 kr.

Hálft söngnám 46.620 kr.

Hljóðfæraleiga 9.200 kr.

2. gr.

Afslættir af dvalargjald:

Einstæðir foreldrar og námsmenn 25%

Systkinaafsláttur, 2. barn 25%

Systkinaafsláttur, 3. barn 50%

Afsláttur til námsmanna gildir ef báðir foreldrar eru skráðir í fullt nám og ljúka a.m.k. 75% af fullu námi. Afsláttur reiknast frá því að vottorð um skólavist er lagt fram. Ljúki ekki báðir foreldrar 75% af fullu námi, fellur afsláttur niður.

Systkinaafsláttur reiknast af lægsta dvalargjaldinu. Afsláttur gildir fyrir systkini yngri en 18 ára og á ekki við um frændsystkini þó þau deili lögheimili og greiðandi sé sá sami.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með vísan til 11. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 5. desember 2024. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2025 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá tónlistarskóla Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. janúar 2024.

Snæfellsbær, 5. desember 2024

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri



Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ

Röng útgáfa gjaldskrár birtist í síðasta tölublaði Jökuls og er beðist velvirðingar á því, hér fyrir neðan er rétt gjaldskrá.

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar skal ákvarða og innheimta sorpgjald fyrir söfnun og meðhöndlun úrgangs, samkvæmt 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Snæfellsbæ heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

2. gr.

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og hvern sumarhúsa í Snæfellsbæ og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga.

3. gr.

Tunnugjald fer eftir rúmmáli þeirra sorphiláta sem eru við heimili. skylirt er að hafa minst eitt ílát fyrir Lífúrgang, pappír/pappa, plast og almennan úrgang. Tíðni tæminga fer eftir Sorphirðudagatali en er almennt á 21 dags fresti.

Ílát fyrir blandaðan heimilisúrgang

240L	Tunna	25.000
360L	Tunna	38.000
660L	Kar	70.000
1100L	Kar	120.000

Ílát fyrir pappír

240L	Tunna	20.000
360L	Tunna	30.000
660L	Kar	58.000
1100L	Kar	98.000

Ílát fyrir plast

240L	Tunna	20.000
360L	Tunna	30.000
660L	Kar	58.000
1100L	Kar	98.000

Ílát fyrir matarleifar

35L	Ílát í tunnu	18.000
140L	Tunna	65.000

Gjald vegna breytingar á þjónustu (breyting á stærð/fjölgun tunna) 4.000

4. gr.

Söfnun, förgun, móttaka og flokkun sorps, sem og önnu gjöld, eru sem hér segir:

Sorpförgun – heimili	9.000
Sorpförgun – sumarhús/takmörkuð ívera	4.500
Rekstur grenndarstöðva – þéttbíl	1.500
Rekstur grenndarstöðva – sumarhús	16.000
Endurnýjunargjald 140L tunnu	15.000
Endurnýjunargjald 240L tunnu	6.000
Endurnýjunargjald 360L tunnu	15.000
Endurnýjunargjald 660L Kar	21.000
Endurnýjunargjald 1100L Kar	32.000
Komugjald á Gámastöð	500
Gjald vegna auka losunar	10.000

Innifalið í sorpförgunargjaldi eru 12 komur á gámastöð með almennan grófflokkaðan úrgang, þó þarf að greiða komugjald að upphæð kr. 500.- við hverja heimsókn á gámastöð.

5. gr.

Tæknideild Snæfellsbæjar er heimilt samkvæmt gjaldskrá þessari að leggja göld á þá aðila sem verða uppvísir að því að fleygja sorpi og úrgangi á víðavangi eða á jarðvegstípp fyrir útlögðum kostnaði við hreinsun.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 5. desember 2024 með stöð í 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ nr. 1477/2023.



Snæfellsbær, 5. desember 2024